

Borgarráð 14. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um niðurstöður æskulýðsrannsókna

Nú liggja fyrir nýjar niðurstöður Æskulýðsrannsókna. Ýmislegt markvert ber þar á góma og í framhaldi er spurt hvernig skóla- og frístundasvið hyggst bregðast við. Hvernig hyggst skóla og frístundasvið beita sér til að aðstoða foreldra að hjálpa börnum sínum að draga úr skjánotkun í þeim tilfellum þar sem skjánotkun er komin úr böndum? Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hættur á netinu í ljósi þess að rannsóknin sýnir að um og yfir helmingur nemenda á erfitt með að minnka notkun sína á samfélagsmiðlum en þriðjungur ungmenna í 10. bekk upplifir vanlíðan þegar þau hafa ekki aðgang að samfélagsmiðlum og stúlkur eru sérstaklega viðkvæmar fyrir þessum áhrifum.? Hefur skóla- og frístundasvið í hyggju að fræða foreldra sérstaklega um hvernig þeir geta frætt börn sín um hvernig þær skuli varast kynferðislega áreitni og ofbeldi í ljósi niðurstaðna um að tíu prósent 10. bekkinga segjast samkvæmt skýrslunni hafa verið snertir kynferðislega af einhverjum fullorðnum? Það eru 15 prósent stúlkna og fjögur prósent drengja. 54 prósent stúlkna í 10. bekk hafa fengið beiðni um að senda nektarmyndir, sem eru fimm prósentum færri en frá árinu áður. Á sama tíma hafa um 16 prósent stráka í 10. bekk fengið sambærilega beiðni. Hvernig hyggst skóla- og frístundasvið bregðast við þessum niðurstöðum?

Greinargerð:

Nú liggja fyrir nýjar niðurstöður Æskulýðsrannsókna. Ýmislegt markvert ber þar á góma og því er spurt um viðbrögð skólayfirvalda í Reykjavík. Helstu niðurstöður eru að 36% barna upplifa kvíða. Einelti meðal drengja í 6. og 7. bekk hefur aukist. Stelpur hafa aukið neyslu nikótínþúða, kannabis og áfengis samkvæmt mælingum. Stelpur verja lengri tíma á samfélagsmiðlum og verða þar frekar fyrir neikvæðum áhrifum en drengir.